


Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Gistipjónusta í íbúðarbyggð



AÐALSKIPULAG, ÞÉTTBÝLISUPPDRATTUR, EKKI Í KVARÐA

Inngangur

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2020 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni fellst að texta í kafla um íbúðarbyggð á Höfn, sem snýr að gistipjónustu, er breytt á þann hátt að heimilt er að endurnýja þau rekstrarleyfi til sölu gistingar sem voru í gildi fyrir 06.10.2020.

Forsendur

Við endurskoðun á ferðapjónustukafla aðalskipulags var ákveðið að gefa þeim aðilum sem rekið hafa gistiheimili í íbúðarbyggð svokallað sólarlagsákvæði til 1. maí 2023 til að koma húsnæði sínu í aðra notkun. Veittar hafa verið umsagnir um rekstrarleyfi í samræmi við það og Sýslumaður veitti eitt slíkt tímabundið leyfi. Nú hefur komið í ljós að ekki er heimilt að

veita tímabundin rekstrarleyfi skv. 11. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Sýslumaðurinn á Suðurlandi hefur því afturkallað þegar útgefið leyfi og óskað eftir endurnýjuðum umsögnum Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Markmið

Sveitarfélagið hefur því ákveðið að bregðast við og gera breytingu á stefnu um gistipjónustu í íbúðarbyggð á Höfn, þannig að hægt verði að gefa út leyfi fyrir gistipjónustu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Umhverfisáhrif

Ekki er talið að sú breyting sem nú er verið að gera á reglum um gististarfsemi komi til með að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið umfram það sem þegar er orðið.

Breyting

Breyting er gerð á texta í kafla 14.1

Gildandi texti

Ekki er heimilt að selja gistipjónustu í íbúðarbyggð, umfram 13. gr. reglugerðar nr. 177/2016. Heimilt verður að endurnýja núverandi starfsleyfi til 1. maí 2023, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sbr. bókun skipulagsnefndar frá 11. mars 2020, þar sem kveðið er á um 0,8 bílastæði á hvert herbergi innan lóðar, greinilegra merkingar gististaðar, gilt starfsleyfi frá HAUST og rekstrarleyfi frá sýslumannsembættinu. Einnig verður leyfið bundið við þá fasteign og leyfishafa sem þegar hefur leyfi og það hlutfall húsnæðis sem reksturinn er í.

Breyttur texti

Ekki er heimilt að selja gistipjónustu í íbúðarbyggð, umfram heimild til heimagistingar í 90 daga á ári skv. 13. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Heimilt er þó að endurnýja þau rekstrarleyfi til sölu gistingar sem voru í gildi fyrir staðfestingu aðalskipulagsins þann 06.10.2020, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í bókun meirihluta skipulagsnefndar frá 11.03.2020 er kveðið á um 0,8 bílastæði á hvert herbergi, bílastæði skulu vera innan lóðar, greinilegrar merkingar gististaðar, gilt starfsleyfi frá HAUST og rekstrarleyfi frá sýslumannsembættinu. Rekstrarleyfið er bundið við þá fasteign og þann leyfishafa sem var með rekstrarleyfið á fyrrgreindum tíma og það hlutfall húsnæðis sem rekstrarleyfi til sölu gistingar var þá bundið við. Heimildin á aðeins við um óbreytta starfsemi frá fyrra leyfi. Undanþága vegna heimildar til endurnýjunar rekstrarleyfis til sölu gistingar í íbúðarbyggð, að ofangreindum skilyrðum uppfylltum, er tímabundin til tólf mánaða frá breytingu aðalskipulags, dags. 06.10.2020. Að þeim tíma liðnum fellur heimild til endurnýjunar rekstrarleyfis til sölu gistingar í íbúðarbyggð niður. Jafnframt fellur heimildin niður ef rekstrarleyfið hefur verið felld niður á grundvelli 1. mgr., 2. mgr. eða 7. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Rekstrarleyfi til sölu gistingar í íbúðarbyggð sem endurnýjuð eru samkvæmt ofangreindu eru ótímabundin í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í skipulagsnefnd þann _____ og í sveitarstjórn þann _____

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af

Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjörður 2012-2030
Gistipjónusta í íbúðarbyggð
Aðalskipulagsbreyting

VERK:	BLAÐSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
2525-020-07	A3	AB	ÁJ
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
ekki í kvaðra	25.06.2021	---	

SAMÞYKKT: